

## Vafasöm beiting geðtengslakenningarinnar við mat á fötluðum foreldrum og börnum

Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Zuilma Gabriela Sigurðardóttir,  
James Gordon Rice og Ásdís Bergþórsdóttir

► Abstract    ► Um höfunda    ► About the authors    ► Heimildir

Tilgangur þessarar greinar er að vekja athygli á vafasamri beitingu geðtengsla kenningarinnar í barnaverndarmálum hér á landi. Höfundar greinarinnar byggja á fjölbreyttri reynslu sinni úr klínísku starfi, fræðilegri vinnu og rannsóknum. Tengsl foreldra og barna hafa ávallt haft þýðingu í barnaverndarmálum en upp á síðkastið hafa höfundar orðið vitni að breytingu þar sem geðtengslakenningin er farin að gegna ráðandi hlutverki í röksemdafærslu og til að réttlæta sviptingu forsjár eða umgengni. Jafnframt virðist aukin áhersla lögð á að styrkja vísindalegt lögmati mælitækja sem eiga að mæla tengsl. Þessi þróun er áhyggjuefni af ýmsum ástæðum. Þótt geðtengslakenningin eigi sér stuðningsmenn og hafi ákveðið notagildi í barnaverndarstarfi, er til mikið af gögnum sem draga í efa grundvallarforsendur kenningarinnar, áreiðanleika mælitækja hennar, notkun hennar sem sönnunargagna fyrir dómi og hversu viðeigandi hún er fyrir fatlaða foreldra eða börn, einkum þá sem greinst hafa með þroskahömlun, einhverfu eða annars konar taugafjölbreytileika. Ekki ætti að leggja of mikið traust á slíkar vísindalega vafasamar mælingar eða gera þær að grundvelli þess að réttlæta forsjárviptingu, allra síst í málum sem virðast knúin áfram af fordómum, málum sem hægt væri að leysa með því að veita viðeigandi og markvissan stuðning. Meginmarkmið þessarar greinar er að setja fram sameiginlega, þverfræðilega yfirlýsingu sem er byggð á klínískri og fræðilegri sálfræði, fötlunarfræði og mannfræði til að vekja athygli á þessum málum meðal foreldra, stuðningsaðila þeirra, talsmanna, fagfólks og fræðafólks auk þess að fræða almenning. Í lok greinarinnar er fjallað um reynslu reynds lögmanns af notkun tengslamata í barnaverndarmálum og bent á mögulegar leiðir til frekari rannsókna.

**Efnisorð:** Fötlun, geðtengsl, barnavernd, forsjá, umgengni, sálfræði

### Inngangur

Kveikjan að þessari grein er sameiginleg reynsla höfunda sem hafa í fjölbreyttum störfum sínum, bæði á vettvangi og í rannsóknum, orðið varir við vaxandi áherslu á notkun geðtengslakenningarinnar í barnaverndarmálum á Íslandi. Af höfundunum fjórum hafa tveir unnið um árabíl að rannsóknum sem varða fötlun og forsjárviptingu, þriðji höfundurinn hefur orðið var við þessa þróun í tengslum

við störf sín sem sérkvaddur matsmaður og sá fjórði í gegnum klínískt starf. Áhyggjur af þessari þróun urðu til þess að höfundar ákváðu að semja þverfaglega yfirlýsingu til að vekja athygli á gölluðum forsendum geðtengslakeningarinnar, helstu gagnrýnisatriðum og hvernig hún er notuð í forsjársviptingar- og umgengnismálum sem varða fjölskyldur þar sem foreldrar eða börn eru fötluð. Fyrirliggjandi rannsóknir okkar og þekking, ásamt fyrstu skrefum að mögulegu rannsóknarverkefni, benda til þess að brýn þörf sé á að skilja hvernig geðtengslamat fer fram hér á landi, hve stóru hlutverki það gegnir í barnaverndarmálum og hvernig það hefur áhrif á velferð þeirra fjölskyldna sem um ræðir. Greinin hefst á almennu yfirliti um geðtengslakeninguna, forsendur hennar, helstu áhrifamenn og nokkur af þeim matstækjum sem þróuð hafa verið. Þá er gerð grein fyrir helstu gagnrýni á geðtengslakeninguna með sérstakri áherslu á vafasama notkun hennar í málum sem varða forsjár- og umgengnissviptingu þegar foreldrar eða börn með fötlun eiga í hlut. Því næst er rætt um nauðsyn þess að vekja athygli hagsmunaaðila á þessum málum. Að lokum er þörf fyrir frekari rannsóknir útskýrð og gerð grein fyrir nokkrum skrefum sem höfundar hafa tekið í þeirri von að aðrir fræðimenn og rannsakendur muni sýna þessu sviði áhuga og hægt verði að snúa af þeirri stefnu sem komin er.

## Geðtengslakeningin og mat á henni

Nútímarannsóknir á tengslum og tengslamyndun má rekja til stefnumarkandi rannsókna á „hæningu“ (e. imprinting; Lorenz, 1935), „tengslamyndun“ (e. bonding) og „geðtengslum“ (e. attachment; Bowlby, 1969) sem hófust á fjórða áratug liðinnar aldar. Frekari þróun geðtengslakeningarinnar er tengd við störf Bowlby (1969) sem beindust að langtímasamböndum og tengslum milli einstaklinga, til dæmis milli foreldris og barns. Bowlby átti stóran þátt í umbótum á meðferð barna á stofnunum og sjúkrahúsum svo og vistun barna á fóstur- eða ættleiðingarheimilum (Keller, 2018). Geðtengsla- og geðtengslamyndunarkenningin hefur bæði haft áhrif á geðlæknisfræði og sálfræði og hefur einnig verið notuð til leiðbeiningar við ákvarðanir í félagsráðgjöf og í dómsmálum er varða fósturvistun og aðrar deilur um forsjá barna (Mikulincer og Shaver, 2007).

Kjarninn í geðtengslakeningu Bowlby (1969) er að barn sem er að þroskast myndi sterk tengsl við þann sem annast það, einkum móðurina, og að geðtengsl séu mikilvæg fyrir vitsmuna- og tilfinningaþroska barna. Geðtengslakeningin hefur jafnan beinst að samspili ungbarns eða barns og helsta umönnunaraðila svo og því sem þetta samspil hefur í för með sér hvað vitsmuni og þroska varðar (Schore og Schore, 2008). Meginhugmynd geðtengslakeningarinnar er sú að helstu umönnunaraðilar, það fólk sem er til staðar og þekkir þarfir ungbarnsins, auðveldi því að öðlast öryggistilfinningu (Keller, 2018). Geðtengsl vísa einnig til tilhneingar ungra barna til að leita nálægðar við einn eða fleiri fasta umönnunaraðila þegar þau eru hrædd, áhyggjufull eða berskjölduð og finna þá huggun í slíkri nálægð (Fearon og Roisman, 2017). Bowlby (1969) taldi að fyrstu tengsl sem börn mynda við umönnunaraðila sína hafi djúpstæð áhrif sem vari alla ævi. Samkvæmt Bowlby (1969) verður hugræn ímynd af sambandi okkar við helsta umönnunaraðila að eins konar sniðmáti fyrir önnur sambönd í framtíðinni. Þar af leiðandi verða samskipti barnsins við umhverfi sitt hluti af sjálfviðhaldandi líkani (e. self-perpetuating model) sem eykur líkur á að fyrri hegðun verði endurtekin í framtíðinni. Ef forsendur geðtengslakeningarinnar eru réttar er augljóst hvers vegna þeir sem vinna að heilsu, velferð og þroska barna gefa henni slíkan gaum.

Rannsóknir á þessu sviði áttu eftir að þróast áfram á áttunda áratug aldarinnar og þá tóku menn í auknum mæli að leggja áherslu á þróun mælitækja og matsaðferða sem gætu skýrt fyrirbærið og áhrif þess fyrir fagfólki. Ainsworth, helsti lærisveinn og samstarfsmaður Bowlby, dýpkaði þessar hugmyndir og þróaði matstækið The Strange Situation Procedure (SSP) (Ainsworth o.fl., 1978) til að greina á milli mismunandi eiginleika geðtengsla. Ainsworth skilgreindi síðan þrjár megingerðir geðtengsla sem hún byggði á niðurstöðum rannsókna sinna (Ainsworth o.fl., 1978). Hér gefst ekki rúm til að fjalla nánar um þær en mikilvægt er að hafa í huga að flokkun í örugg og óörugg geðtengsl lagði grunn að þeirri sýn að ákveðnar gerðir óöruggra tengsla gætu reynst áhættuþáttur fyrir ýmsar neikvæðar afleiðingar á þroska barna (Riggs, 2005). Crittenden (1981, 1983, 1988, 1992,

1995, 1998, 1999) hafði lykiláhrif á þróun tveggja mikilvægra matstækja sem urðu til þess að stækka rannsóknarsviðið verulega: Dynamic-Maturational Model of Attachment (DMM) og CARE-Index. Bæði tækin eru enn kennd og notuð í barnaverndarstarfi. Landini, samstarfsmaður og meðhöfundur Crittenden, hefur einnig lagt sitt af mörkum með ritum um notkun DMM í tengslamyndunarferli fullorðinna (sjá t.d. Crittenden og Landini, 2011) og í ferlum sem tengjast ákvarðanatöku í barnaverndarmálum (sjá t.d. Crittenden o.fl., 2013). Haustið 2023 sótti Landini Ísland heim og hélt fyrirlestra og námskeið fyrir fagfólk um notkun DMM (Tengslamat, 2023). Það er þverfaglegt líkan sem lýsir áhrifum geðtengsla á þroska og virkni mannsins. Líkaninu er ætlað að varpa ljósi á áhrif tengsla milli barna og foreldra svo og milli einstaklinga í parasambandi á barneignaraldri (Crittenden, 1995, 2008). DMM leggur áherslu á að mæla geðtengsl og býður upp á leið til að skilja sálfræðileg og tilfinningaleg vandamál svo og afbrotahæðun út frá tilgangsmiðuðu (frekar en einkennamiðuðu) líf-sál-félagslegu sjónarhorni (Crittenden, 1995, 2008; Crittenden og Landini, 2011; Thompson og Raikes, 2003). Crittenden (1995) heldur því fram að DMM líti á öll tengslaform sem mögulegan styrkleika frekar en sjúkdóm eða aðlögunarvanda. CARE-Index er skimunartæki og mælikvarði sem metur gæði samskipta milli fullorðinna og ungbarna. Þó að ferlið sé oftast notað með mæðrum er einnig hægt að nota það með fedrum og öðrum umönnunaraðilum barna (Crittenden, 1981, 2007). Aðferðin byggist á þriggja mínútna myndbandsupptöku af leik við aðstæður án þess að ógn steðji að. Svo lengi sem upptakan verður ekki fyrir truflunum frá umhverfinu er hægt að taka leikinn upp á myndband heima, á heilsugæslustöð eða í rannsóknarstöðu. Tökurnar ættu að vera að minnsta kosti tvær mínútur en ekki lengri en venjulegur tími samskipta þegar aldur barnsins er hafður í huga (Crittenden, 2007). Næmni fullorðinna í leik er skilgreind sem hvers kyns hegðunarmynstur sem gleður ungbarnið og stuðlar að vellíðan þess og athygli en dregur úr óþægindum og truflun (Crittenden, 2007; Farnfield o.fl., 2010).

Mikilvægt er að hafa í huga að næmni, eins og hún er mæld með CARE-Index, er aðstæðubundinn eiginleiki frekar en einstaklingseinkenni. Því getur sami fullorðni einstaklingurinn sýnt mismikla næmni með ólíkum börnum. Crittenden (2007) lýsir ferlinu svo: Foreldri er sagt að „leika við barnið/ ungbarnið sitt eins og það myndi venjulega gera“ og samskiptin eru tekin upp í þrjár mínútur. Myndbandsupptökurnar eru síðan skoðaðar ítrekað og hegðun metin út frá virkni og mynstri eins og lýst er í handbókum. Kóðarar, þeir sem greina niðurstöðurnar, verða að búa yfir nægilegri þjálfun. Samkvæmt Crittenden (2007) þurfa flestir að kóða um 100–150 samskipti milli fullorðinna og ungbarna með endurgjöf áður en þeir verða fullgildir kóðarar. Fræðimenn hafa lýst áhyggjum af einstaklingsbundinni hlutdrægni sem kann að birtast við langvarandi kóðun og því er samvinna við aðra hæfa kóðara mikilvæg (Hautamäki, 2015). Samkvæmt Family Relations Institute er áreiðanleiki viðurkenndra kóðara „flokkaður í fjögur stig og aðeins þeir sem ná stigi 1 og 2 teljast hæfir til mats á upptökum sem eru notaðar fyrir dómstólum“. Allir kóðarar ættu að leggja fram vottorð um kóðunarhæfni sína fyrir dómstól og gefa upp skekkjumörk mælinganna í skýrslum sínum (Family Relations Institute, e.d.).

Þegar þetta er ritað er fátt að finna hér á landi af opinberu efni á netinu sem tengist tengslakeningunni og notkun hennar í barnaverndarmálum. Ekki er ljóst hvaða reglum eða viðmiðum er unnið eftir þegar kóðarar eiga í hlut. Einu sérfræðingarnir sem virðast bjóða upp á námskeið eða þjálfun um tengsl og tengslamat er fyrirtækið Tengslamat – Ráðgjöf & rannsóknir (e.d.). Fyrirtækið sérhæfir sig í einstaklings-, para- og fjölskylduviðtölum, handleiðslu um umsjón með umgengni og tengslamati, auk ráðgjafar og þjálfunar fagfólks sem vinnur með börnum. Fyrirtækið býður bæði upp á opin og lokuð námskeið fyrir fagfólk sem starfar innan íslenska barnaverndarkerfisins. Opnu námskeiðin fjalla um DMM, tengslahegðun og flokkun öruggra og miður öruggra tengsla. Lokuðu námskeiðin eru ætluð starfsmönnum barnaverndarkerfisins sem starfa fyrir tiltekið sveitarfélag og eru lokuð til að starfsmennirnir geti rætt þau mál sem þeir eru að vinna í. Spyrja má hvort geti talist faglegt eða siðferðilega réttlætánlegt að einn aðili í einkarekstri geti komið að mörgum málum í vinnslu ákveðinnar barnaverndar út frá einni kenningu á námskeiði án þess að aðkoma aðilans sé skjalfest. Að auki verður að benda á að þótt þjálfunarferli CARE-Index innihaldi upphaflegt áreiðanleikapróf sem leiðir til vottunar þar sem fram kemur hversu mikið matsaðili fellur að staðlaðri kóðun (e. percent

agreement), þá gefur fyrirbyggjandi fræðilegt efni engar vísbendingar um hversu lengi slík vottun gildir eða hvort matsaðilar þurfi að endurnýja hana reglulega. Lýsingar fræðsluaðila sem bjóða upp á þjálfun í CARE-Index fara yfir uppbyggingu námskeiða og kröfur um áreiðanleikapróf, en tilgreina hvorki gildistíma vottunar né gera kröfu um reglubundnar endurprófanir til að fylgjast með athugunareki (e. observer drift), óviljandi breytingum á mati kóðara sem leiðir til dvínandi áreiðanleika, en slíkt er vel þekkt fyrirbæri þegar fylgst er með hegðun með áhorfi og hún kóðuð (Smith, 1986). Enn fremur benda kerfisbundnar yfirlitsgreinar og aðferðafræðilegar greiningar á CARE-Index til þess að almennt sé þörf fyrir umfangsmeiri rannsóknir á sálmælinga eiginleikum mælitækisins, þar á meðal áreiðanleika og réttmæti. Engin þeirra nefnir formleg viðmið eða leiðbeiningar um hvernig viðhalda eigi vottun matsaðila til lengri tíma. Það að skortur sé á stöðluðum ferlum fyrir endurvottun er athyglisvert í ljósi þess hve vel er skjalfest í hegðunarmælingum að kóðarar eiga til að reka frá staðli yfir tíma (e. coder drift) ef ekkert aðhald er veitt á markvissan hátt til að koma í veg fyrir slíkt.

## Gagnrýni á geðtengslakeninguna og takmarkanir hennar

Fjöl margar rannsóknir hafa dregið í efa réttmæti geðtengslakeningarinnar og jafnvel grundvallarforsendur hennar, en hér er aðeins rými til að fjalla í stuttu máli um rannsóknir á því sviði. Chaffin o.fl. (2006) telja að hugtakið geðtengsl sé fremur óljóst og ófullnægjandi og hafi enga almennt viðurkennda eða skilgreinda merkingu. Sumar grundvallarforsendur kenningarinnar hafa verið dregnar í efa, til dæmis að ungbörn myndi aðeins geðtengsl við frumtengslaðila (e. primary attachment figure; Allen, 2016; Bruer, 1999; Chaffin o.fl., 2006). Allen (2016) bendir á að barnageðlækna hafi sameinast um hugtakið tengslaröskun þrátt fyrir algeran skort á raunprófunum á réttmæti hugtaksins. Þegar orð eins og tengslaröskun eða tengslaröf verða að hálfgerðum tískuorðum getur það ruglað skilning fagfólks, foreldra og stefnumótenda og torvelað þeim að átta sig á fræðilegum undirstöðum hugtaksins og réttmætri notkun þess.

Ýmsar spurningar hafa komið upp varðandi tengslakeninguna, svo sem hvort núverandi tengslastaða spái fyrir um hegðun síðar en það er sérstaklega mikilvægt fyrir sérfræðinga í forsjármálum (Ludolph og Dale, 2012). Til dæmis segja bæði Bruer (1999) og Thompson (2000) að ekki ætti að nota geðtengslakeninguna nema aðstæður séu óvenju erfiðar vegna þess að áhrif af samskiptum við fullorðna í æsku skipti ekki sköpum um framtíð barna og hve mikil eða lítil áhrif þau hafa á framtíð barns mótist af ýmsum þáttum í lífi þess. Samkvæmt Sroufe og McIntosh (2011) eru „tengsl ekki örlög“ (bls. 465) og einstaklingur getur færst á milli tengslaflokka á lífsleiðinni vegna margvíslegra aðstæðna sem hann lendir í. Auk þess er það svo að þegar barn greinist með óöruggt tengslamyntur geta aðrar aðstæður legið að baki en saga barnsins hjá tilteknu foreldri eða umönnunaraðila (Sroufe og McIntosh, 2011). Það fer saman við þær röksemdir Field (1996) að geðtengslakeningin takmarkist við hegðun sem á sér stað í samskiptum við frumtengslaðila í tímabundnum streituvaldandi aðstæðum og tekur því ekki tillit til margra annarra aðstæðna sem koma upp á ólíkum lífsskeiðum. Af þeim sökum sé sú tengslaflokkun sem ungbörn fá í SSP ekki stöðug yfir tíma og spái lítið um framtíðartengsl. Van IJzendoorn og Bakermans-Kranenburg (2012) fundu til dæmis engin tengsl milli tengslastöðu við 12 mánaða aldur og tengslastöðu við 14 ára aldur með því að nota SSP. Í samræmi við þetta telur Thompson (2000) að um helmingur rannsókna sem gerðar hafa verið sýni engin tengsl milli þess í hvaða flokk tengsla barn fellur og síðari virkni í samskiptum við aðra. O'Connor o.fl. (2000) benda á að um 70% barna sem urðu fyrir alvarlegri vanrækslu lengur en í tvö ár sýndu ekki merki um alvarlega tengslaröskun og því álykta þeir sem svo að það grafi svo um munar undan geðtengslakeningunni. Berghaus (2011) heldur því einnig fram að talsmenn geðtengslakeningarinnar hafi sýnt tilhneigingu til að hunsa margt af vísindalegum sönnunargögnum sem ganga gegn fullyrðingum þeirra. Slíkt gengur gegn vísindalegri aðferðafræði og dregur úr réttmæti rannsókna þeirra. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að innan hinna ýmsu þjónustukerfa má vissulega heyra gagnrýnisraddir á tengslakeninguna. Þannig komust Foster og Duschinsky (2025) að því að félagsráðgjafar í Bretlandi studdust við tengslakeninguna og matsaðferðir sem hafa leitt af henni ásamt öðrum aðferðum en höfðu fullan skilning á gagnrýni á kenninguna og notkun hennar í starfi. Ef fagfólk hefur skilning á

gagnrýninni á kenninguna og skyldar matsaðferðir, vaknar spurningin hvers vegna það heldur áfram að beita þeim. Óljóst er hvort skýringin sé sú að það hafi ekki önnur verkfæri eða hugmyndafræði í boði eða hvort skýringin sé takmarkaður skilningur á hugtökum á borð við réttmæti og áreiðanleika matsaðferða. Hugsanlegt er einnig að sú staða skapist að erfitt reynist að mótmæla ríkjandi notkun, til dæmis vegna faglegs þrýstings eða hefðar innan kerfisins. Slíkar spurningar eru mikilvægur hluti af gagnrýninni umræðu um hvernig og hvers vegna matsaðferðir halda velli þrátt fyrir veik fræðileg rök.

Þá hefur einnig verið skoðað hvernig matsmenn túlka viðbrögð og hegðun barna og umönnunaraðila. Bullens (2003) heldur því fram að börn hafi ranglega verið talin skorta örugg tengsl ef þau gráta, eða gráta ekki, í návist umönnunaraðila síns. Samkvæmt Forslund o.fl. (2021) geta börn notað mismunandi hegðun eftir aðstæðum til að leita eftir athygli umönnunaraðila. Auk þess getur einangruð hegðun (e. solitary behaviour) eins og grátur átt sér aðrar orsakir en gerð tengsla við umönnunaraðila. Til dæmis telja Belsky og Rovine (1987) að hvort börn komist í uppnám kunni að tengjast ólíku skaplyndi. Schofield og Walsh (2010) halda því einnig fram að óörugg tengsl séu oft ranglega kölluð „veik“ tengsl. Samkvæmt þeim mynda börn tengsl jafnvel þegar umönnunaraðilar þeirra hafa vanrækt að bregðast við þörfum þeirra, eða verið ofbeldisfullir. Þó að tiltekin tengslasambönd séu sögð „óörugg“ eru þau engu að síður talin vera möguleg aðlögunaraðferð barna til að fá eins mikla athygli frá umönnunaraðila og kostur er (Schofield og Walsh, 2010). Það er afar sjaldgæft að börn sýni tengslaleysi við umönnunaraðila og slíkt sést venjulega aðeins hjá börnum sem ekki hafa haft nægan tíma til að þróa tengslasambönd (til dæmis vegna þess að þau hafa nýlega verið vistuð hjá öðrum umönnunaraðila svo sem á fósturheimili) eða hjá þeim fáu börnum sem ekki hafa haft næg tækifæri til að læra að bera kennsl á neinn umönnunaraðila sem kunnuglegan (Schofield og Walsh, 2010). Það veikir geðtengslakenninguna verulega að hegðun sem geðtengslakenning hefur litið á sem merki um óörugg tengsl er oft hægt að skýra á annan hátt.

Sumir fræðimenn hafa gagnrýnt geðtengslakenninguna fyrir að vera of evrópska eða vestræna í edli sínu og að hún geri tilkall til þess að allir þættir hennar séu algildir (Keller, 2018; Keller og Chaudhary, 2017). Það kann að virðast heldur kaldhæðnislegt að benda á að Ainsworth, einn af fyrstu lærisveinum Bowlby, þróaði sína þrjá geðtengslaflokka út frá gögnum sem safnað var í litlu vettvangsverkefni í Úganda um miðjan sjötta áratug liðinnar aldar (Mesman o.fl., 2016). Þó að Bowlby, Ainsworth og ýmsir aðrir sem fylgdu í fótspor þeirra vísuðu einstaka sinnum til menningar sem slíkrar var kerfisbundinni athygli aldrei beint að menningarmun og áhrifum menningar á geðtengslakenninguna (Röttger-Rössler, 2014). Keller og Chaudhary (2017) fullyrða að geðtengslakenningin hafi verið þróuð út frá normatífum hugmyndum um fjölskyldulíf og sambönd sem mótuðust af samfélögum á norðurhveli jarðar á tilteknum tíma og í tilteknum fjölskylduformum. Þær hugmyndir fólu í sér kjarnafjölskyldu með tveimur foreldrum í gagnkynhneigðu hjónabandi sem ólu upp líffræðileg börn sín. Í raun eru forsendur geðtengslakenningarinnar því byggðar á ríkjandi uppeldisaðstæðum millistéttar á norðurhveli jarðar, það er að segja fjölskyldum þar sem foreldrar búa að mikilli og góðri menntun, eignast fá börn og seint og þar sem heimili kjarnafjölskyldunnar rúmar aðeins tvær kynslóðir (Keller, 2018). Þannig er gert ráð fyrir að fjölskyldur, uppeldisaðferðir og tengslaform fylgi líkani sem nær aðeins til lítills minnihluta jarðarbúa þó að sá hópur sé aðeins einn af fjölmörgum samfélagshópum á tilteknum tíma. Keller (2018) bendir á að stórfjölskyldur og aðrir umönnunaraðilar í samfélaginu gegni mikilvægu hlutverki við uppeldi barna víða um heim, nokkuð sem stangast á við þá miðlægu evrópsku trú að aðeins tveggja foreldra kjarnafjölskylda hafi stöðugleika að bjóða. Flestar rannsóknir á geðtengslakenningunni hafa leitt hjá sér að skoða þvermenningarleg tengslamynstur (e. cross-cultural attachment patterns). Þetta hefur til dæmis verið gagnrýnt af Choate og Torotelli (2022) sem hafa rannsakað hvernig geðtengslakenningin hefur reynst hindrun í tilviki frumbyggjabarna sem barnavernd hefur afskipti af. Að halda því fram eða trú á að geðtengslakenningin sé algild og óháð menningu hefur því siðferðilegar og siðrænar afleiðingar þegar meta á uppeldisfærni foreldra í klínísku samhengi, í ákvörðunum í forsjár- og barnaverndarmálum og menntunarstarfi, þar sem þessir þættir byggjast að mestu leyti á skilningi á barninu sem sjálfstæðum aðila án nokkurra tengsla við menningarheild af einu eða öðru tagi (Choate og Torotelli, 2022; Keller, 2018).

## Vafasöm beiting geðtengslakeningar í barnavernd

Lengi hefur verið deilt um notagildi geðtengslakeningarinnar við framkvæmd forsjármats (Main o.fl., 2011). Forslund o.fl. (2021) benda á að víða skorti þekkingu bæði á geðtengslakeningunni og rannsóknum sem hana varða, einkum takmörkunum hennar. Slíkt geti leitt til misbeitingar kenningarinnar með alvarlegum og skaðlegum afleiðingum. Ludolph og Dale (2012) halda því fram að ekki megi hlífa geðtengslakeningu við gagnrýninni skoðun og að ekki beri að taka mark á mjög óformlegum aðferðum eins og þeim að fylgjast aðeins stutta stund með foreldri og barni til að ákvarða tengsl eða aðra eiginleika í sambandi þeirra. Forslund o.fl. (2021) halda því einnig fram að sérfræðingar vísi stundum til hugtaksins „tengslamyndunar“ (e. bonding) í stað „geðtengsla“ (e. attachment), en það fyrrnefnda hefur enga samþykktu skilgreiningu. Engu að síður fyrirskipa lögmennt og dómarmar oft að framkvæmt skuli „tengslamat“ af óþekktum gæðum til að auðvelda þeim að taka mikilvægar ákvarðanir með hagsmuni barna að leiðarljósi (Forslund o.fl., 2021; Ludolph og Dale, 2012). Talsmenn geðtengslakeningarinnar og þeir sem styðja notkun hennar sem grunn að matstækjum á tengslum milli foreldris og barns eru ekki sammála um notkun hennar í slíku mati. Til dæmis telja Crittenden og Spieker (2018) að DMM-líkanið megi nota við ákvarðanatöku í sértækum barnaverndarmálum. Þau halda því fram að DMM-líkanið samræmist reglum og viðmiðum IASA (International Association for the Study of Attachment) um skýrslugjöf um geðtengsl fyrir dómstólum. Van IJzendoorn o.fl. (2018) eru hins vegar ósammála þessari fullyrðingu og gagnrýna DMM-líkanið á þeirri forsendu að það geti ekki greint misnotkun á samræmdan og réttmætan hátt og því sé ekki hægt að beita því á siðferðilega ábyrgan hátt í þágu barnaverndar og fyrir dómstólum í slíkum málum. Við það má bæta að ekki er vitað um rannsóknir á næmni eða sértækni DMM-líkansins eða afleiddra mælitækja, enda vantar rannsóknir á grundvallaratriðum eins og réttmæti og áreiðanleika líkansins áður en farið er í slíkar rannsóknir.

Forslund o.fl. (2021) benda á að þessi umræða sýni ágreininginn milli þeirra sem rannsaka geðtengslakeninguna og að þeir geti ekki komið sér saman um hvað geðtengslahegðun er, hvernig hægt sé að meta hana og hvaða þýðingu sú hegðun hafi sem skoðuð er. Barnavernd og dómstólar verða að vera meðvituð um að geðtengslakeningin er umdeild, svo og hvernig henni er beitt, að hún sé ekki viðurkennd vísindi, og að afleidd mælitæki skorti rannsóknir á áreiðanleika og réttmæti. Forslund o.fl. (2021) benda enn fremur á að þegar geðtengslakeningin og geðtengslapróf hafa verið hagnýtt í forsjár- og foreldramati hafi ýmis vandamál komið upp. Eitt meginvandamálið er að misskilningur innan kerfisins er til staðar, þar með talið hjá barnavernd og dómstólum, um hvað geðtengsl séu og notagildi hugtaksins. Foster o.fl. (2025) halda því fram að þessi misskilningur eigi rætur að rekja til námsefnis um geðtengsl í menntun félagsráðgjafa og að taka þurfi á því. Misskilningur er á grundvallaratriðum eins og hvað geðtengsl eru, uppbyggingu hinna ýmsu tengslaflokka barna og hvað sé hægt að álykta út frá mati á gæðum geðtengsla (Forslund o.fl., 2021). Í rannsókn Woolgar og Scott (2014) á fósturbörnum kom fram að geðtengslaraskanir voru ekki aðeins „ofgreindar“, heldur voru algengari vandamál eins og þunglyndi, kvíði, einhverfa og aðrar raskanir „vangreindar“. Af þessu má draga þá ályktun að mikil áhersla á geðtengsl geti beint rannsakendum og matsaðilum frá öðrum mikilvægum atriðum sem jafnvel kunna að vera langtum mikilvægari í mati á tengslum milli foreldris og barns (Woolgar og Scott, 2014).

Þótt sumir þeir sem fást við rannsóknir á geðtengslum hafi mælt með notkun geðtengslamælinga í barnaverndar- og forsjármálum (Isaacs o.fl., 2009) hafa aðrir varað við notkun þeirra í þessu sambandi. Forslund og Duschinsky (2021) benda á að geðtengslaflokkar séu oft rangtúlkaðir og misnotaðir þegar kenningin er notuð annars staðar en á akademískum vettvangi, það er í hagnýtu samhengi, og að matsaðferðir á gæðum geðtengsla hafi oft orðið til að ýkja mikilvægi tiltekinna niðurstaðna án þess að gera skýra grein fyrir takmörkunum þeirra. Forslund o.fl. (2021) halda því fram að geðtengslamælingar eða verkfæri geti verið öflug tæki til að rannsaka hópa og þegar þau eru notuð af hæfum og vottuðum kóðurum í viðurkenndu samhengi. Hins vegar hafa ýmsir lýst áhyggjum sínum hvað varðar réttmæti þess að yfirfæra mælingarnar á barnaverndar- og forsjármál og tiltekin börn (og umönnunaraðila) (sjá einnig Neal o.fl., 2019; van IJzendoorn o.fl., 2018). Að þeirra

mati er kjarni málsins sá hvort geðtengslamat og geðtengslamælingar veiti viðeigandi upplýsingar til að hafa áhrif á ákvarðanir um forsjá barna og barnaverndarferli (Forslund o.fl., 2021). Þótt réttmætar upplýsingar um gæði geðtengsla tiltekins barns geti veitt mikilvæga innsýn í samband þess við tiltekinn umönnunaraðila og geti bætt getu sérfræðinga til að spá fyrir um líklegan þroska þess barns þegar mat á sér stað, er réttmæti slíkrar innsýnar hvað varðar framtíðarþroska barnsins aðeins frá því að vera lítið og upp í meðallag (Forslund o.fl., 2021). Þar af leiðandi hafa geðtengslamælingar ekki slíkt forspárgildi að þær geti staðið einar og sér og komið í staðinn fyrir umönnunarsögu eða upplýsingar um þroska barns (Forslund o.fl., 2021). Í samræmi við þetta benda White o.fl. (2021) á að þetta takmarkaða forspárgildi kunni að hafa styrkt þá skoðun að öll önnur geðtengsl en örugg geðtengsl tengist mikilli hættu á að barn þroskist ekki eðlilega og jafnframt þá skoðun að íhuga eigi að vista börn utan heimilis ef örugg geðtengsl eru ekki fyrir hendi samkvæmt mjög takmörkuðu mati sem hefur ekki þekkt réttmæti. Engu að síður, eins og van IJzendoorn o.fl. (1999) benda á, er slík skoðun byggð á rangtúlkun á geðtengslakeningunni og rannsóknnum sem af henni leiða. Slík túlkun þýddi að vista þyrfti næstum helming allra barna utan heimilis þar sem þeir áætla að samkvæmt mælingum á geðtengslum sé um það bil helmingur barna í almennu þýði sem falli í flokk órugggra geðtengsla.

Gagnrýnar rannsóknir fullyrða ekki að geðtengslakeningin hafi engu hlutverki að gegna í barnaverndar- eða forsjármálum. Hins vegar verði að gæta viðeigandi og yfirvegaðrar varúðar. Helstu áhyggjuefnin snúa meðal annars að ójafnvægi í fjármögnun. Bilson og Martin (2017) og Granqvist (2016) hafa bent á að mun minni fjármunum sé varið í stuðning við fjölskyldur en í athuganir og kannanir á barnaverndarmálum og fósturþjónustu. Ef nota á geðtengslamat í dómsmálum ættu aðeins formlega þjálfaðir matsaðilar sem hafa náð ákveðnum viðmiðum að beita því (Forslund o.fl., 2021). Fagfólk sem skortir formlega þjálfun ætti ekki að reyna að þróa eigið tengslamat eða nota óréttmætar aðferðir sem aðrir hafa þróað og nota slíkt meint geðtengslamat á barninu í ráðleggingum til barnaverndar og dómstóla (Forslund o.fl., 2021). Að auki fer tengslamat í réttarfarslegu sambandi oft fram við mjög viðkvæmar aðstæður fyrir umönnunaraðila og börn, stundum í miðjum aðskilnaði barns og umönnunaraðila (M. Smith o.fl., 2017) og taka þarf tillit til slíks. Margir halda því fram að í geðtengslakeningunni og geðtengslamati sem leiðir af henni sé lítið fram hjá mikilvægum þáttum eins og stétt, menningu, kyni og þjóðerni/uppruna og þar við má bæta öðrum mikilvægum þætti – fötlun sem hefur áhrif á samskipti foreldris og barns. Á heildina lítið eru upplýsingar þó mjög takmarkaðar, og rannsóknir sem skoða sérstaklega réttmæti eða áreiðanleika út frá bakgrunnsbreytum eða jaðarsettum hópum eru í raun ekki til staðar. Það skortir empirískar rannsóknir á DMM-tengslakeningunni. Hvað Toddler/Infant Care-Index varðar var þegar árið 2010 bent á að nauðsynlegt væri að staðfesta klínískt notagildi mælitækisins í fjölskyldum úr fjölbreyttari menningarheimum (Farnfield o.fl., 2010). Nú sextán árum síðar hefur lítið sem ekkert bæst við á því sviði þó svo notkunin hafi aukist.

## Geðtengslakeningin og fötlun

Við, höfundar þessarar greinar, teljum að með beitingu geðtengslakeningarinnar í barnaverndarmálum sé ekki tekið tillit til fötlunar barns eða foreldris. Það er í samræmi við fyrri umræðu um að geðtengslakeningin taki ekki tillit til fjölmargra annarra áhrifaþátta svo sem menningarmunar. Erlendar heimildir styðja þessa skoðun okkar þótt rannsóknir á sviðinu séu takmarkaðar, en einnig rannsóknir okkar á nýlegum málum á Íslandi þar sem geðtengslakeningunni hefur verið beitt.

Það er athyglisvert að stór hluti þeirra fáu rannsókna á geðtengslakeningunni og fötlun sem hafa verið gerðar snúa að börnum eða foreldrum með taugaþroskafrávik, en í umræðukaflanum verður frekar vikið að þeim þætti. Rannsóknir á tíðni geðtengslavanda hjá börnum með einhverfu endurspeglar oft ekki víðtækan skilning á geðtengslakeningunni (McKenzie og Dallos, 2017). Klínískir sérfræðingar skýra oft frá að veruleg skörun sé á milli einkenna geðtengslavanda og einhverfu þótt sjaldan sé fjallað um efnið í fræðiritum. Afleiðingarnar eru meðal annars þær að erfitt er að greina á milli

geðtengslavanda og einhverfu, sem flækir matið og eykur líkur á rangri niðurstöðu (McKenzie og Dallos, 2017). McKenzie og Dallos (2017) halda því einnig fram að margir rannsakendur einfaldi geðtengslakeninguna um of, til dæmis með því að smætta geðtengslamynstur niður í tvíþætta flokka, „örugg“ og „óörugg“ geðtensl, og horfi fram hjá því að geðtengslaflokkar séu flóknari en svo. Rétt er að geta þess að þetta er í andstöðu við flóknari líkón eins og þau sem Crittenden mælir með. Crittenden (2015) leggur til „virkni- og fjölskyldumiðað mat“ (e. family functional formulation) þar sem unnið er að því að safna ítarlegri þekkingu á þeim tengslum sem kunna að varða einstaklinginn. Hins vegar benda McKenzie og Dallos (2017) og Kahane og El-Tahir (2015) á að skörun aðal- og afleiddra einkenna einhverfu og tengslavanda hafi ekki verið rannsökuð ítarlega. Í ljósi þeirrar gagnrýni sem geðtengslakeningin og beiting hennar í barnaverndar- og forsjármálum hefur sætt, eins og áður hefur verið rætt, kann þetta varla góðri lukku að stýra í barnaverndarmálum sem varða börn eða foreldra með slíkar greiningar.

Einnig skortir forsendur til að fullyrða að börn á einhverfurófi myndi ekki geðtensl við umönnunaraðila eða geri það á ófullnægjandi hátt. C. J. Smith o.fl. (2017) halda því fram að empírískar rannsóknir hafi sýnt að yfirleitt myndi börn með einhverfu raunveruleg geðtensl við helstu umönnunaraðila sína og að stór hluti þeirra myndi örugg tengsl. Davis og Kramer (2021) benda á að lítil þekking sé á ólíkum leiðum til geðtengslamyndunar hjá einhverfu fólki og að rannsóknir á sviðinu séu af skörnum skammti. Rannsakendur nota oft staðlaða mælikvarða til að flokka geðtensl á fullorðinsárum og það sama er gert í rannsóknum á hópum með taugaþroskafrávik og einhverfu. Nokkrar eldri rannsóknir sýna að einhverf börn séu líklegri en börn með hefðbundinn taugaþroska til að mynda óörugg tengsl (Rutgers o.fl., 2004) og að það sama eigi við um fullorðna einhverfa einstaklinga í ástarsamböndum (Lau og Peterson, 2011). Slíkar rannsóknir byggjast þó oft á geðtengslaprófum eins og SSP í bernsku eða sjálfsmatslistum á fullorðinsárum. Sumir rannsakendur hafa notað sjálfsmatslista eins og Experiences in Close Relationship Scale (t.d. Brennan o.fl., 1998). Þessi verkfæri voru hins vegar hönnuð til notkunar með einstaklingum með hefðbundinn taugaþroska. Davis og Kramer (2021) benda á að það geti verið vandkvæðum bundið að nota mælitæki sem ætluð eru fólki með hefðbundinn taugaþroska til að meta tengsl hjá fólki með einhverfu. Mikilvægt sé að átta sig á að slík tæki geta verið ófær um að greina á milli hegðunar sem tengist einhverfu og hegðunar sem tengist óöruggum leiðum til geðtengslamyndunar. Þau benda á að mikilvægt sé að þróa mælitæki sem greinir rétt á milli óörugggra geðtengslamynstra og hegðunar sem tengist einhverfu, með það að markmiði að öðlast betri skilning á geðtengslum hjá einhverfu fólki, bæði í foreldra- og ástarsamböndum (Davis og Kramer, 2021). Davis og Kramer (2021) nefna dæmi um þetta: Fullorðinn einstaklingur sem er með hefðbundinn taugaþroska en tengist ekki af öryggi gæti verið mjög sammála fullyrðingunni „Mér líður óþægilega þegar maki minn, elskhugi eða ástkona vill vera mjög nálægt mér“ vegna þess að hann óttast nánd og sá ótti stafar af vantrausti. Fullorðinn einhverfur einstaklingur gæti hins vegar svarað því sama vegna skynúrvinnsluvanda (Davis og Kramer, 2021). Ef rannsakandi hefur ekki hlotið þjálfun til að þekkja og skilja hegðun fullorðinna með einhverfu gæti hann ranglega rakið einhverfueinkenni til óörugggra leiða til tengsla og á sama hátt gætu svör við spurningalistum endurspeglað skynúrvinnsluvanda eða annars konar félagslega framkomu vegna einhverfu frekar en skerta geðtengslamyndun. Af þessari ástæðu benda Davis og Kramer (2021) svo og Taylor o.fl. (2008) á að brýn þörf sé á mælitæki fyrir geðtensl sem hægt er að nota fyrir einhverfa einstaklinga og tekur tillit til þess félags- og samskiptabreytileika sem er til staðar í einhverfu auk hvers kyns geðtengslatengdra vandamála. Aðrir efast meira um þörf á slíku mælitæki. Allen (2016) bendir til dæmis á að oft þegar klínískir sérfræðingar veittu meðferð við því sem þeir töldu vera geðtengslavanda, hefðu þeir átt að veita stuðning vegna vandamála sem tengjast einhverfu eða athyglisbresti með/án ofvirkni (ADHD). Af þeirri ástæðu heldur hann því fram að geðtengslakeningin ætti að hverfa með öllu úr klínískri orðræðu.

Svipað virðist eiga við um aðrar taugaþroskaraskanir eins og ADHD. Samkvæmt Clark o.fl. (2002) eru einkenni óörugggra geðtengsla svipuð einkennum ADHD, þar á meðal vandamál sem varða tilfinninga- og hegðunarstjórn svo sem hvatastjórn, sjálfsefjun (e. self-calming), þrautseigju og þolinmæði, auk félagslegra erfiðleika (Clark o.fl., 2002). Rannsóknir á geðtengslagerðum foreldra og

birtingarmyndum ADHD og geðtengsla eru takmarkaðar, einkum varðandi barnavernd og forsjá. Þótt sumar rannsóknir hafi beinst að geðtengslavanda og fólki með þroskahömlun (sjá t.d. Mullen, 2018; Potharst o.fl., 2012), segja Hamadi og Fletcher (2019) að þótt þau styðji almennt þessar rannsóknir og niðurstöður þeirra þá hafi enginn mælikvarði á geðtengsl fyrir fullorðna með þroskahömlun verið gagnreyndur. Fyrir vikið kunni rannsóknir að gefa upp ranga tíðni geðtengslavanda hjá þessum hópi vegna þess að mælitækin mæli þennan hóp ekki rétt.

## Fötluð, tengsl, uppeldi og dómstólar

Það er vel þekkt og vel skjalfest í rannsóknum að fötluðum foreldrum (sérstaklega þeim sem eru með þroskahömlun) sé kerfisbundið mismunandi í barnavernd, forsjár- og umgengismálum og barnaverndarkerfi. Fierros (2006) heldur því fram að kerfisbundna fötlunarförðoma sé víða að finna í stuðnings- og þjónustukerfum sem ætlað er að veita fötluðum foreldrum þjónustu. Tegund skerðingar skipti einnig máli þar sem ójöfnuður í barnaverndarkerfi bitni hvað helst á foreldrum með þroskahömlun eða geðraskanir (Lightfoot o.fl., 2007). Rannsóknir hafa einnig sýnt að fatlaðir foreldrar sem koma til kasta barnaverndaryfirvalda fá oft ekki aðgang að fullnægjandi stuðningsþjónustu fyrir fjölskyldur og því er barnavernd líklegri að hafa afskipti af fötluðum foreldrum en ófötluðum (LaLiberte o.fl., 2017) og mun meiri líkur á að þeir séu sviptir forsjá barna sinna (McConnell og Llewellyn, 2002). McConnell og Llewellyn (2000) komust að því að í öllum dómsmálum sem vörðuðu foreldri með þroskahömlun var alla jafna farið fram á að minnsta kosti eitt geðmat. Rannsókn á þessum málum sýndi tölfræðilega marktæka fylgni milli álits sérfræðinga og niðurstöðu dómstóla. Með öðrum orðum, ef sérfræðingar mæltu með vistun barna utan heimilis varð það líklegasta niðurstaða (McConnell og Llewellyn, 2000). Sérfræðingarnir véfengdu ekki þá forsendu sem að baki liggur, að vitsmunaproski sé góður mælikvarði á hæfni til uppeldis. Þessi forsenda hefur verið gagnrýnd í áratugi (sjá t.d. Galliher, 1973) en enn er henni þó yfirleitt beitt í barnaverndarmálum (Aunos o.fl., 2024; Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rice, 2016; Kong o.fl., 2025).

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á notkun geðtengslakenningarinnar í dómsmálum að því er varðar fatlaða foreldra. Ein slík rannsókn (Alexius og Hollander, 2014) leiddi í ljós að í barnaverndarskýrslum komu fram miklar áhyggjur af óöruggum geðtengslum og geðtengslavanda. Þessar áhyggjur stuðluðu að því að börn voru tekin af mæðrum með væga þroskahömlun og dómstólar véfengdu hvorki skort á sönnunargögnum né réttmæti þeirra ráðlegginga sem byggðu á mati á geðtengslum. Lindberg o.fl. (2016) telja misráðið að rjúfa tilfinningabönd við umönnunaraðila ef áhyggjur vakna hvað varðar óörugg tengsl, einmitt vegna þess hve tengsl eru mikilvæg. Þau benda á að það að taka barn af heimili stefnir þroska þess í mun meiri háská en óörugg geðtengsl við umönnunaraðila að því gefnu að aðbúnaður barnsins sé að öðru leyti góður. Skortur á sérfræðingum sem geta metið geðtengsl gerir stöðuna enn verri. Því þá er sjaldan farið eftir leiðbeiningum um bestu starfsvenjur og vekur það efasemdir um réttmæti og forspárgildi matsins (Lindberg o.fl., 2016).

## Umræða og niðurstöður

Megintilgangur þessarar greinar er þríþættur. Í fyrsta lagi að lýsa uppruna og grundvallarforsendum geðtengslakenningarinnar og varpa síðan ljósi á gagnrýni á kenninguna og mælitækin sem af henni leiða til að sýna að þótt hún eigi sér bæði stuðningsmenn og hafi ákveðið notagildi þá flokkast hún ekki undir að vera viðurkennd vísindi. Að lokinni umfjöllun um almenna gagnrýni beindum við sjónum að fötlun og nýjum rannsóknum sem halda því fram að geðtengslakenningin dugi skammt eða alls ekki til að meta tengsl milli foreldris og barns þegar taugaproskafrávik eru til staðar. Af því leiðir að vandamálið er ekki aðeins fræðilegt. Kenningin – og þau matstæki sem á henni byggjast – er í reynd notuð sem sönnunargagn til að styðja og réttlæta að foreldrar séu sviptir forsjá og umgengnisrétti. Í stuttu máli bendir þetta til þess að slíkar ákvarðanir séu teknar á grundvelli gallaðra gagna og vinnubragða með afdrifaríkum afleiðingum fyrir fjölskyldur.

Annar megintilgangur greinarinnar er að vekja athygli hagsmunaaðila á Íslandi á vafasömu eðli geðtengslakeningarinnar og notkun hennar í málum sem varða forsjár- og umgengnisviptingu. Þó svo að hlutverk okkar, höfunda þessarar greinar, í starfi séu ólík gerum við okkur öll fulla grein fyrir því að geðtengslakeningin og minna kenningalegt systurhugtak hennar, „tengslamyndun“, gegna hlutverki í barnaverndarmálum hér á landi. Hins vegar virðist vitund og þekking dómara, lögmannna og barnaverndarstarfsmanna um að þetta séu ekki viðurkennd vísindi vera takmörkuð ef marka má þau mál sem við höfum kynnt okkur. Í þeim fáu málum sem við höfum skoðað eru niðurstöður geðtengslamats og rök sem byggjast á geðtengslakeningunni lögð fram sem réttmæt og gild sönnunargögn og tekin sem staðreyndir án þess að gagnrýnisraddir andmæli því eða minnst sé á takmarkanir mats og gagna. Þar með er ekki sagt að geðtengslakeningin geti ekki veitt einhver gögn til íhugunar, en nauðsynlegt er að vekja athygli á þessari stöðu almennt og þá sérstaklega í málum sem varða fjölskyldur þar sem foreldrar og/eða börn eru með einhvers konar fötlun eða taugafrávik eða hafa einhverja eiginleika sem gera slíkt mat óviðeigandi og óréttmæt.

Þriðji megintilgangur greinarinnar er að færa rök fyrir þörf á frekari rannsóknum á þessu sviði, þar sem mikið verk er augljóslega óunnið. Tveir höfunda hafa í rúman áratug einbeitt sér að barnaverndarmálum sem varða fatlaða foreldra, einkum með greiningu á dómskjöllum og viðtölum við foreldra. Ein skýr niðurstaða hefur haldist óbreytt gegnum árin, sú að sönnunargögn sem sérfræðingar leggja fram fyrir hönd barnaverndar njóta almennrar viðurkenningar án þess að réttmæti undirliggjandi kenninga eða notagildi þeirra fyrir foreldra með þroskahömlun sé rannsakað. Oft hefur þetta snúist um vafasama notkun greindarvísitölumælinga til að halda fram fullyrðingum um uppeldishæfni (sjá t.d. Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rice, 2017, 2018, 2023; Hanna Björg Sigurjónsdóttir o.fl., 2019). Jafnframt skulu hér nefnd áhyggjuefni vegna svipaðra fullyrðinga um geðtengsl. Í slíkum málum er alltaf að finna einhverja tilvísun í „geðtengsl“ eða „tengslamyndun“. Þessi hugtök voru áður notuð á svipaðan hátt og vísuðu í raun til áhyggna um „stöðugleika“ án þess að merkingin væri nákvæmlega skilgreind heldur aðeins gefin í skyn. Í nýlegu máli tókum við hins vegar eftir verulegri áherslu á að meta geðtengsl með sérstökum aðferðum. Faðir með taugafrávik véfengdi forsjárviptingu og nefndi að leiktími hans með barninu hefði verið tekinn upp á myndband án þess að hann vissi tilganginn. Við nánari athugun kom í ljós að þetta var hluti af tengslamati sem framkvæmt var að beiðni barnaverndar og niðurstöður þess notaðar sem sönnunargagn í málinu. Um þetta leyti urðum við einnig vör við, eins og áður var getið, að áhrifamikill aðili að baki núverandi útgáfu Dynamic-Maturational Model of Attachment (DMM) tækisins og CARE-Index sótti Ísland heim árið 2023 til að þjálfa barnaverndarstarfsmenn í notkun þeirra. Þetta bendir til frekari innleiðingar geðtengslakeningarinnar og mælitækja hennar í barnaverndarstarfi. Ljóst er að frekari rannsókna er þörf til að meta hversu reglulega þessum mælingum er beitt í málum um forsjár- og umgengnisviptingu á Íslandi, hvort tekið sé tillit til takmarkana þeirra og hvort niðurstöðum matsins sé tekið með varúð. Við fyrstu sýn virðist hér ekki allt sem skyldi. Í máli föðurins sem nefndur var hér að framan bentu lýsingar hans og gögn málsins hvorki til þess að taugafrávik hans væri viðurkennt né að tekið væri tillit til afleiðinga þess við notkun slíkra matsaðferða. Því er brýnt að rannsaka hversu útbreiddar þessar starfsvenjur eru að verða hér á landi, sérstaklega í málum sem varða foreldra eða börn með taugafrávik eða fatlaða foreldra og börn almennt.

Einnig er óljóst hvort vandamál og takmarkanir geðtengslakeningarinnar séu vel þekkt meðal fagfólks sem málið varðar. Af einskærri forvitni leitum við til lögmanns sem sinnir barnaverndarmálum til að kanna hvort geðtengslakeningin og tengd matstæki kæmu við sögu í starfi viðkomandi. Lögmaðurinn, sem er með mikla reynslu af málum þar sem tengslamat var notað í umgengnis- og forræðisdeilum, lýsti gagnrýni á aðferðir barnaverndar almennt. Hún tók fram að samkvæmt hennar reynslu væri tengslamat oft notað til að réttlæta að slíta tengsl milli foreldra og barna. Með öðrum orðum, að hennar mati væri matið frekar notað til að staðfesta skort á geðtengslum en að meta á hlutlægan hátt samband barns og foreldris sem gæti síðan leitt til sérsniðins stuðnings í þeim tilgangi að efla tengsl þeirra til framtíðar. Reynsla hennar gefur vísbendingar um að geðtengslakeningin veki einnig áhyggjur sumra lögmannna sem starfa á þessu sviði. Nauðsynlegt

er að gera frekari rannsóknir til að skilja umfang og eðli þess hvernig slíkt geðtengslamat hefur áhrif á dómsmál og hvort foreldrar, lögmenn þeirra og talsmenn séu meðvitaðir um vafasamt eðli geðtengslakenningarinnar og takmarkanir hennar. Enn fremur kom fram hjá áðurnefndum lögmanni að þörf væri á skýrum málsmeðferðarreglum og leiðbeiningum og að foreldrar hefðu engar formlegar leiðir til að fá geðtengslamat endurskoðað eða véfengt. Hún lagði áherslu á nauðsyn þess að skilja afleiðingar þessa fyrir fjölskyldur. Þetta eru tillögur sem við þekkjum úr rannsóknnum og reynslu sem benda á mikilvægar leiðir til frekari rannsókna.

Við drögum þá ályktun að skýrar vísbendingar sé að finna í fræðunum þess efnis að geðtengslakenningin og þau mælitæki sem af henni eru leidd séu ekki almennt viðurkennd innan vísindasamfélagsins. Gögn sem fengin eru úr slíku mati verður því að meðhöndla með verulegri varúð ef þau eru notuð í tengslum við forsjár- og umgengnissviptingarmál og mikilvægt er að lögmenn, foreldrar og talsmenn þeirra geri sér grein fyrir þessu. Enn fremur benda þær takmörkuðu rannsóknir sem fyrir liggja eindregið til þess að innbyggðir gallar geðtengslakenningarinnar og forsendur hennar verði enn alvarlegri þegar henni er beitt á tiltekna hópa foreldra. Viðurkenna þarf ableískan/forréttindamiðaðan, evrópskan grunn kenningarinnar þegar henni er beitt á foreldra af erlendum uppruna, fátæka foreldra eða foreldra í verkalyðsstétt, ellegar aðra foreldra sem víkja frá þeim þjóðfélagslegu viðmiðum sem kenningin byggist á, viðmiðum sem breyst hafa til mikilla muna á síðustu áratugum. Þar að auki eru forsendur kenningarinnar sem miðast við fulla færni taldar leiða til mats sem er mjög vafasamt þegar því er beitt á fólk með taugaþroskafrávik. Eins og áður hefur komið fram beinist verulegur hluti fræðanna á þessu sviði að fólk sem greint er með einhverfu eða með önnur taugaþroskafrávik en verulegur skortur er á rannsóknnum á geðtengslamati á foreldrum með aðrar skerðingar sem eru metnir með þessum (óviðeigandi) aðferðum.

Að lokum, í ljósi sameiginlegrar reynslu höfunda og fyrstu könnunarskrefa á þessu sviði, leikur enginn vafi á að ítarlegri vinnu þarf að inna af hendi til að skilja hvernig geðtengslamat er framkvæmt á Íslandi, hvernig það hefur áhrif á málsmeðferð í málum sem varða forsjár- og umgengnissviptingu og hvaða afleiðingar það hefur fyrir niðurstöður og velferð þeirra fjölskyldna sem í hlut eiga.

### **The problematic use of attachment theory in assessing parents with disabilities**

The authors of this contribution have collectively observed in their varied clinical, academic and research-based experiences a noticeable recent emphasis on the use of attachment theory in child protection cases in Iceland. The factor of parent-child bonding has always played some role in child protection cases. However, we have detected a shift whereby attachment has come to play a predominant role in the argumentation and justification for custody and visitation deprivation, as well as increased efforts to enhance the scientific legitimacy of measures of attachment. This is troubling for several reasons. The first contention is that while attachment theory has its supporters as well as utility in child protection work, there is also a wealth of counter-evidence that challenges the core premises of attachment theory, its instruments of measure, its use as a form of evidence in court and its appropriateness for parents and children with disabilities, particularly those who have a diagnosis of intellectual disability, ASD or other forms of neurodivergence. Researchers have argued that the concept of attachment is rather vague and unsatisfactory and has no broadly agreed or clearly defined meaning. Basic assumptions that underpin the theory, such as that infants have only one preferred person, have also been contested. Questions have been posed to attachment theory such as whether current attachment state predicts future conduct, which is particularly relevant for child protection matters. Diversity among parents and children in terms of, among other factors, class, ethnicity and neurodivergence regarding parenting techniques and issues relating to attachment need to be considered. Scholars have criticised attachment theory for being too Eurocentric

in nature and claiming universality in all its components. Attachment theory evolved from notions of family life and relationship dynamics that were shaped by societies of the Global North in a specific historical context, together with specific forms of the family and practices that were seen as normative. The premises of attachment theory are therefore essentially based on the dominant childcare model of the Global Northern middle class. Failure to recognise these limitations may lead to incorrect applications with major detrimental implications. A parallel critique applies regarding disability and neurodivergence pertaining to both parents as well as children.

Clinicians tend to report significant overlap in symptoms between attachment issues and autism spectrum disorder. There are problematic assumptions that children with ASD do not form bonds with caregivers or do so in substandard ways, while empirical research has shown that children with autism do in fact ordinarily build attachments with their main caregivers, with a sizable proportion forming stable bonds. Standardised measures are often used to categorise attachment in adulthood and, as such, there are problematic issues with utilising measures intended for neurotypical populations to evaluate attachment in people with autism. The research evidence, that parents with disabilities (particularly those with intellectual disabilities and/or are neuroatypical) are routinely discriminated against in child welfare, family law and child protection systems is well known and well documented. The overreliance on such scientifically questionable measures should not form the basis for the justification for custody termination, particularly in cases arguably driven by prejudice and which could be resolved through the implementation of appropriate and meaningful support. Attachment approaches should not be exempt from close scrutiny, nor should credence be given to extremely casual applications, such as only briefly observing the parent and child to determine attachment or other qualities of the relationship. The theory and its application are not agreed upon by practitioners and researchers and there exist divisions within attachment theory research communities about what attachment behaviours are, how they can be assessed and what these behaviours mean. Courts need to be made aware that attachment theory and its application are controversial and not received science. The critical literature does not suggest that attachment theory has no role to play in child protection investigations or custody hearings. However, appropriate and measured cautions must be employed. The core purpose of this contribution is to present a collaborative, inter-disciplinary statement (clinical and academic psychology, disability studies and anthropology) to raise awareness of these issues for parents, their supporters and advocates, practitioners and scholars as well as to educate the general public. It will conclude with a brief overview of some recent exploratory findings to point to a way forward for further research.

**Keywords:** Disability, attachment, child protection, custody, visitation, psychology

### Um höfunda

Hanna Björg Sigurjónsdóttir (hbs@hi.is) lauk doktorsprófi frá háskólanum í Sheffield í Bretlandi 2004. Hún er prófessor í fötlunarfræði við Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar beinast að fötluðum foreldrum, sviptingu forsjár og málefnum barnaverndar. Í samstarfi við James Gordon Rice vinnur hún nú að bóki um reynslu uppkominna barna fatlaðra foreldra. <https://orcid.org/0000-0003-4498-6214>

Zuilma Gabriela Sigurðardóttir (zuilma@hi.is) PhD, er prófessor í sálfræði við Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í tilraunasálfræði 1992 frá Northeastern University í Boston. Rannsóknir hennar eru á sviði atferlisgreiningar,

m.a. í barnavernd. Hún er núverandi formaður námsstjórnar í þverfræðilegu námi í atferlisgreiningu við HÍ. <https://orcid.org/my-orcid?orcid=0000-0003-0799-6835>

James Gordon Rice (james@hi.is) lauk doktorsprófi í mannfræði árið 2007 frá Memorial University í Nýfundnalandi. Hann er prófessor í mannfræði á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Rannsóknarsvið hans beinist að fötluðum foreldrum, sviptingu forsjár og málefnum barnaverndar. Í samstarfi við Hönnu Björgu Sigurjónsdóttur vinnur hann nú að bóks em fjallar um reynslu uppkominn barna fatlaðra foreldra. <https://orcid.org/0000-0002-6723-7243>

Ásdís Bergþórsdóttir (asb23@hi.is) lauk cand.psych. prófi árið 2014 og öðlaðist þá réttindi sem sálfræðingur. Hún er með B.A.-gráðu í ensku, diplómapróf í kerfisfræði, auk diplómaprófs í fötlunarfræði og opinberri stjórnsýslu. Frá árinu 2014 hefur Ásdís starfað sem sálfræðingur og hefur sérhæft sig í vinnu með einhverfum. Ásdís hefur haldið fyrirlestra um einhverfutengd málefni bæði hérlendis og erlendis. <https://orcid.org/0009-0001-3668-1325>

### **About the authors**

Hanna Björg Sigurjónsdóttir (hbs@hi.is) received her PhD from the University of Sheffield in the UK in 2004. She is a professor of Disability Studies at the University of Iceland. Her current research field mainly focuses on parenting with disabilities, custody deprivation and child protection issues. In collaboration with James Gordon Rice she is currently working on a book project focusing on the experiences of adult children of disabled parents. <https://orcid.org/0000-0003-4498-6214>

Zuïlma Gabriela Sigurðardóttir (zuïlma@hi.is), PhD, is a professor of psychology at the School of Health Sciences, University of Iceland. She received her doctoral degree in experimental psychology in 1992 from Northeastern University in Boston, USA. Her research concerns behaviour analysis, including the area of child protection. She is presently Chair of the Board of the Interdisciplinary Study Program in Behavior Analysis at the University of Iceland. <https://orcid.org/0000-0003-0799-6835>

James Gordon Rice (james@hi.is) received his PhD in anthropology in 2007 from the Memorial University of Newfoundland, Canada. He is currently a professor of anthropology at the School of Social Sciences, University of Iceland. His current research field mainly focuses on parenting with disability, custody deprivation and child protection issues. In collaboration with Hanna Björg Sigurjónsdóttir, he is currently working on a book project on the experiences of adult children of disabled parents. <https://orcid.org/0000-0002-6723-7243>

Ásdís Bergþórsdóttir (asb23@hi.is) completed her Cand. Psych. degree in 2014 and obtained licensure as a clinical psychologist. She holds a BA degree in English, a Diploma in Computer Science and a Diploma in Disability Studies and Public Administration. Since 2014 Ásdís has worked as a psychologist and has specialised in working with autistic individuals. She has delivered lectures on autism-related topics both in Iceland and internationally. <https://orcid.org/0009-0001-3668-1325>

## Heimildir

- Ainsworth, M. D. S., Blehar, M. C., Waters, E. og Wall, S. (1978). *Patterns of attachment: A psychological study of the strange situation*. Lawrence Erlbaum.
- Alexius, K. og Hollander, A. (2014). Care assessments concerning involuntary removal of children from intellectually disabled parents. *Journal of Social Welfare and Family Law*, 36(3), 295–310. <https://doi.org/10.1080/09649069.2014.933591>
- Allen, B. (2016). A RADical idea: A call to eliminate attachment disorder and attachment therapy from the clinical lexicon – Evidence-based practice. *Child and Adolescent Mental Health*, 1(1), 60–71. <https://doi.org/10.1080/23794925.2016.1172945>
- Aunos, M., Feldman, M. og Pacheco, L. (2024). Capacity-based competency assessment and its impact on child custody cases amongst parents with intellectual disabilities. Í A. Bianchi og J. A. Vogt (ritstjórar), *Intellectual disabilities and autism: Ethics and practice* (bls. 79–91). Springer Nature. [https://doi.org/10.1007/978-3-031-61565-8\\_7](https://doi.org/10.1007/978-3-031-61565-8_7)
- Belsky, J. og Rovine, M. (1987). Temperament and attachment security in the strange situation: An empirical rapprochement. *Child Development*, 58(3), 787–795. <https://doi.org/10.2307/1130215>
- Berghaus, B. J. (2011). A new look at attachment theory and adult attachment behavior. *Behaviorology Today*, 14(2), 3–10. <https://www.behaviorology.org/oldsite/pdf/AttachmentTheoryBeh.pdf>
- Bilson, A. og Martin, K. E. (2017). Referrals and child protection in England: One in five children referred to children's services and one in nineteen investigated before the age of five. *British Journal of Social Work*, 47(3), 793–811. [doi.org/10.1093/bjsw/bcw054](https://doi.org/10.1093/bjsw/bcw054)
- Bowlby, J. (1969). *Attachment and loss, vol. 1: Attachment*. Basic Books.
- Brennan, K. A., Clark, C. L. og Shaver, P. R. (1998). Self-report measurement of adult attachment: An integrative overview. Í J. A. Simpson og W. S. Rholes (ritstjórar), *Attachment theory and close relationships* (bls. 46–76). The Guilford Press.
- Bruer, T. J. (1999). *The myth of the first three years: A new understanding of early brain development and lifelong learning*. Simon and Schuster.
- Bullens, R. A. R. (2003). Diagnostiek van hechting van een pleegkind: Stiefkind binnen de diagnostiek? Í C. Schuengel, N. W. Slot og R. A. R. Bullens (ritstjórar), *Gehechtheid en kindbescherming* (bls. 55–74). SWP.
- Chaffin, M., Hanson, R. og Saunders, E. B. (2006). Reply to letters. *Child Maltreatment*, 11(4), 381–386. <https://doi.org/10.1177/1077559506292636>
- Choate, P. og Torotelli, P. (2022). Attachment theory: A barrier for indigenous children involved with child protection. *International Journal of Environmental Research and Public Health*, 19(14), 8754. <https://doi.org/10.3390/ijerph19148754>
- Clark, C., Prior, M. og Kinsella, G. (2002). The relationship between executive function abilities, adaptive behaviour, and academic achievement in children with externalising behaviour problems. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 43(6), 785–796. <https://doi.org/10.1111/1469-7610.00084>
- Crittenden, P. M. (1981). Abusing, neglecting, problematic, and adequate dyads: Differentiating by patterns of interaction. *Merrill-Palmer Quarterly*, 27(3), 201–218.
- Crittenden, P. M. (1983). Sociological aspects of attribution. *Annual Review of Sociology*, 9, 425–446. <https://doi.org/10.1146/annurev.so.09.080183.002233>
- Crittenden, P. M. (1988). Relationships at risk. Í J. Belsky og T. Nezworski (ritstjórar), *Clinical implications of attachment* (bls. 136–174). Lawrence Erlbaum.
- Crittenden, P. M. (1992). Children's strategies for coping with adverse home environments: An interpretation using attachment theory. *Child Abuse & Neglect*, 16(3), 329–343. [https://doi.org/10.1016/0145-2134\(92\)90043-Q](https://doi.org/10.1016/0145-2134(92)90043-Q)
- Crittenden, P. M. (1995). Attachment and psychopathology. Í S. Goldberg, R. Muir og J. Kerr (ritstjórar), *Attachment theory: Social, developmental, and clinical perspectives* (bls. 367–406). Analytic Press.
- Crittenden, P. M. (1998). Dangerous behavior and dangerous contexts: A 35-year perspective on research on the developmental effects of child physical abuse. Í P. K. Trickett og C. J. Schellenbach (ritstjórar), *Violence against children in the family and the community* (bls. 11–38). American Psychological Association. <https://doi.org/10.1037/10292-001>

- Crittenden, P. M. (1999). Atypical attachment in infancy and early childhood among children at development risk. Danger and development: The organization of self-protective strategies. *Monographs of the Society for Research in Child Development*, 64(3), 145–171. <https://doi.org/10.1111/1540-5834.00037>
- Crittenden, P. M. (2007). *CARE-Index. Toddlers: Coding manual* [óútgæfið handrit].
- Crittenden, P. M. (2008). *Raising parents: Attachment, parenting and child safety*. Willan Publishing.
- Crittenden, P. M. (2015). *Raising parents: Attachment, representation, and treatment* (2. útgáfa). Routledge.
- Crittenden, P. M., Farnfield, S., Landini, A. og Grey, B. (2013). Assessing attachment for family court decision making. *Journal of Forensic Practice*, 15(4), 237–248. <https://doi.org/10.1108/JFP-08-2012-0002>
- Crittenden, P. M. og Landini, A. (2011). *Assessing adult attachment: A dynamic maturational approach to discourse analysis*. W. W. Norton.
- Crittenden, P. M. og Spieker, S. (2018). Attachment theory and research in a developmental framework. Í N. Jones, M. Platt, K. D. Mize og J. Hardin (ritstjórar), *Conducting research in developmental psychology: A topical guide for research methods utilized across the lifespan* (bls. 122–133). Routledge. <https://doi.org/10.4324/9780429352065-9>
- Davis, A. M. B. og Kramer, R. S. S. (2021). Commentary: Does cry it out really have no adverse effects on attachment? Reflections on Bilgin and Wolke (2020). *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 62(12), 1488–1490. <https://doi.org/10.1111/jcpp.13390>
- Family Relations Institute. (e.d.). *Forensic services: Court: IASA protocol*. <https://familyrelationsinstitute.org/forensic-services/>
- Farnfield, S., Hautamäki, A., Nørbech, P. og Sahhar, N. (2010). DMM assessments of attachment and adaption: Procedures, validity and utility. *Clinical Child Psychology and Psychiatry*, 15(3), 313–328. <https://doi.org/10.1177/1359104510364315>
- Fearon, R. P. og Roisman, G. I. (2017). Attachment theory: Progress and future directions. *Current Opinion in Psychology*, 15, 131–136. <https://doi.org/10.1016/j.copsyc.2017.03.002>
- Field, T. (1996). Attachment and separation in young children. *Annual Review of Psychology*, 47, 541–562. <https://doi.org/10.1146/annurev.psych.47.1.541>
- Fierros, E. G. (2006). One size does not fit all: A response to institutionalizing inequity. *Disability Studies Quarterly*, 26(2). <https://doi.org/10.18061/dsq.v26i2.683>
- Forslund, T. og Duschinsky, R. (ritstjórar). (2021). *Attachment theory and research: A reader*. Wiley.
- Forslund, T., Granquist, P., van IJzendoorn, M. H., Sagi-Schwartz, A., Glaser, D., Steele, M., Hammarlund, M., Schuengel, C., Bakermans-Kranenburg, M. J., Steele, H., Shaver, P. R., Lux, U., Simmonds, J., Jacobvitz, D., Groh, A. M., Bernard, K., Cyr, C., Hazen, N., Foster, S., ... Duschinsky, R. (2021). Attachment goes to court: Child protection and custody issues. *Attachment & Human Development*, 24(1), 1–52. <https://doi.org/10.1080/14616734.2020.1840762>
- Foster, S. L. og Duschinsky, R. (2025). 'In practice we don't use that much theory': Questioning claims of the dominance of attachment theory in children's safeguarding social work. *The British Journal of Social Work*, 55(6), 2716–2733. <https://doi.org/10.1093/bjsw/bcaf068>
- Foster, S. L., Schofield, G., Geoghegan, L., Hood, R., Sagi-Schwartz, A., Bakkum, L., Hutchinson, D., Balk, W., Devine, R., Steele, M., Steele, H., Duncan, R., Guthrie, J., Mannes, J., Talia, A., Pickerden, J. E., Senior, L., Bailey, L., Stanton, C., ... Duschinsky, R. (2025). Attachment theory and research: What should be on the core curriculum for child and family social workers? *Social Work Education*, 45(3), 803–820. <https://doi.org/10.1080/02615479.2025.2531859>
- Gallihier, K. E. (1973). Termination of the parent-child relationship: Should parental I.Q. be an important factor? *Law and the Social Order*, 4, 855–879.
- Granqvist, P. (2016). Observations of disorganized behaviour yield no magic wand: Response to Shemmings. *Attachment & Human Development*, 18(6), 529–533. <https://doi.org/10.1080/14616734.2016.1189994>
- Hamadi, L. og Fletcher, H. K. (2019). Are people with an intellectual disability at increased risk of attachment difficulties? A critical review. *Journal of Intellectual Disabilities*, 25(1), 114–130. <https://doi.org/10.1177/1744629519864772>
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Harwick, R. og Rice, J. (2019). Balancing the scales: Custody deprivation and fostering in Iceland. *International Social Work*, 62(4), 1304–1309. <https://doi.org/10.1177/0020872818819045>

- Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rice, J. G. (2016). Stigmatic representation of intellectual disability and termination of parental custody rights. Í K. Scior og S. Werner (ritstjórar), *Intellectual disability and stigma* (bls. 77–90). Palgrave Macmillan. [https://doi.org/10.1057/978-1-137-52499-7\\_6](https://doi.org/10.1057/978-1-137-52499-7_6)
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rice, J. G. (2017). ‘Framed’: Terminating the parenting rights of parents with intellectual disability in Iceland. *Journal of Applied Research in Intellectual Disabilities*, 30(3), 543–552. <https://doi.org/10.1111/jar.12301>
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rice, J. G. (2018). ‘Evidence’ of neglect as a form of structural violence: Parents with intellectual disabilities and custody deprivation. *Social Inclusion*, 6(2), 66–73. <https://doi.org/10.17645/si.v6i2.1344>
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rice, J. G. (2023). “Alleged disabilities”: The evolving tactics of child protection in a disability rights environment. *Laws*, 12(2), 30. <https://doi.org/10.3390/laws12020030>
- Hautamäki, A. (2015). Mothers and infants: Screening for maternal relationships at risk with the CARE-Index. Í S. Farnfield og P. Holmes (ritstjórar), *The Routledge handbook of attachment: Assessment* (bls. 37–52). Routledge. <https://doi.org/10.13140/RG.2.1.3809.2005>
- Isaacs, M. B., George, C. og Marvin, R. S. (2009). Utilizing attachment measures in child custody evaluations: Incremental validity. *Journal of Child Custody*, 6(1-2), 139–162. <https://doi.org/10.1080/15379410902894882>
- Kahane, L. og El-Tahir, M. (2015). Attachment behavior in children with autistic spectrum disorders. *Advances in Mental Health and Intellectual Disabilities*, 9(2), 79–89. <https://doi.org/10.1108/AMHID-06-2014-0026>
- Keller, H. (2018). Universality claim of attachment theory: Children’s socioemotional development across cultures. *Proceedings of the National Academy of Sciences*, 115(45), 11414–11419. <https://doi.org/10.1073/pnas.1720325115>
- Keller, H. og Chaudhary, N. (2017). Is the mother essential for attachment? Models of care in different cultures. Í H. Keller og K. A. Bard (ritstjórar), *The cultural nature of attachment: Contextualizing relationships and development* (bls. 109–138). MIT Press. <https://doi.org/10.7551/mitpress/11425.003.0007>
- Kong, P., Collings, S. og Spencer, M. (2025). Assessments, assumptions and ableism: Examining court-ordered parenting capacity assessments of parents with intellectual disability and cognitive difficulties. *Journal of Intellectual & Developmental Disability*, 50(2), 196–210. <https://doi.org/10.3109/13668250.2024.2417425>
- LaLiberte, T., Piescher, K., Mickelson, N. og Lee, M. (2017). Child protection services and parents with intellectual and development disabilities. *Journal of Applied Research in Intellectual Disabilities*, 30(3), 521–532. <https://doi.org/10.1111/jar.12323>
- Lau, W. og Peterson, C. C. (2011). Adults and children with Asperger syndrome: Exploring adult attachment style, marital satisfaction and satisfaction with parenthood. *Research in Autism Spectrum Disorders*, 5(1), 392–399. <https://doi.org/10.1016/j.rasd.2010.06.001>
- Lightfoot, E., LaLiberte, T. og Hill, K. (2007). *Guide to creating legislative change: Disability status in termination of parental rights and other child custody statutes*. University of Minnesota Press.
- Lindberg, L., Fransson, M., Forslund, T., Springer, L. og Granqvist, P. (2016). Maternal sensitivity in mothers with mild intellectual disabilities is related to experiences of maltreatment and predictive of child attachment: A matched-comparison study. *Journal of Applied Research in Intellectual Disabilities*, 30(3), 445–455. <https://doi.org/10.1111/jar.12300>
- Lorenz, K. (1935). Der Kumpan in der Umwelt des Vogels: Der Artgenosse als auslösendes Moment sozialer Verhaltensweisen. *Journal für Ornithologie*, 83, 137–215, 289–413.
- Ludolph, P. S. og Dale, M. D. (2012). Attachment in child custody: An additive factor, not a determinative one. *Family Law Quarterly*, 46(1), 1–40. <http://www.jstor.org/stable/23240374>
- Main, M., Hesse, E. og Hesse, S. (2011). Attachment theory and research: Overview with suggested applications to child custody. *Family Court Review*, 49(3), 426–463. <https://doi.org/10.1111/j.1744-1617.2011.01383.x>
- McConnell, D. og Llewellyn, G. (2000). Disability and discrimination in statutory child protection proceedings. *Disability & Society*, 15(6), 883–895. <https://doi.org/10.1080/713662015>
- McConnell, D. og Llewellyn, G. (2002). Stereotypes, parents with intellectual disability and child protection. *Journal of Social Welfare and Family Law*, 24(3), 297–317. <https://doi.org/10.1080/09649060210161294>

- McKenzie, R. og Dallos, R. (2017). Autism and attachment difficulties: Overlap of symptoms, implications and innovative solutions. *Clinical Child Psychology and Psychiatry*, 22(4), 632–648. <https://doi.org/10.1177/1359104517707323>
- Mesman, J., van IJzendoorn, M. H. og Sagi-Schwartz, A. (2016). Cross-cultural patterns of attachment. Í J. Cassidy og P. R. Shaver (ritstjórar), *Handbook of attachment: Theory, research, and clinical applications* (3. útgáfa, bls. 852–877). Guilford Press.
- Mikulincer, M. og Shaver, P. R. (2007). *Attachment in adulthood: Structure, dynamics, and change*. Guilford Press.
- Mullen, G. (2018). Intellectual disability and attachment theory among adults: An early systematic review. *Journal of Intellectual & Developmental Disability*, 43(3), 252–263. <https://doi.org/10.3109/13668250.2017.1410769>
- Neal, T. M., Slobogin, C., Saks, M. J., Faigman, D. L. og Geisinger, K. F. (2019). Psychological assessments in legal contexts: Are courts keeping “junk science” out of the courtroom? *Psychological Science in the Public Interest*, 20(3), 135–164. <https://doi.org/10.1177/1529100619888860>
- O’Connor, T. G., Rutter, M. og English & Romanian Adoptees Study Team. (2000). Attachment disorder behavior following early severe deprivation: Extension and longitudinal follow-up. *Journal of the American Academy of Child & Adolescent Psychiatry*, 39(6), 703–712. <https://doi.org/10.1097/00004583-200006000-00008>
- Potharst, E. S., Schuengel, C., Last, B. F., van Wassenaer, A. G., Kok, J. H. og Houtzager, B. A. (2012). Difference in mother-child interaction between pre-term and term-born preschoolers with and without disabilities. *Acta Paediatrica*, 101(6), 597–603. <https://doi.org/10.1111/j.1651-2227.2012.02599.x>
- Riggs, S. A. (2005). Is the approximation rule in the child’s best interests? A critique from the perspective of attachment theory. *Family Court Review*, 43(3), 481–493. <https://doi.org/10.1111/j.1744-1617.2005.00048.x>
- Rutgers, A. H., Bakermans Kranenburg, M. J., van IJzendoorn, M. H. og van Berckelaer Onnes, I. A. (2004). Autism and attachment: A meta-analytic review. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 45(6), 1123–1134. <https://doi.org/10.1111/j.1469-7610.2004.t01-1-00305.x>
- Röttger-Rössler, B. (2014). Bonding and belonging beyond WEIRD worlds: Rethinking attachment theory on the basis of cross-cultural anthropological data. Í H. Otto og H. Keller (ritstjórar), *Different faces of attachment: Cultural variations on a universal human need* (bls. 141–168). Cambridge University Press.
- Schofield, G. og Walsh, J. (2010). Young carers – or children in need of care? Decision making for children of parents with mental health problems. *Child and Family Law Quarterly*, 22(2), 223–233.
- Schore, J. R. og Schore, A. N. (2008). Modern attachment theory: The central role of affect regulation in development and treatment. *Clinical Social Work Journal*, 36(1), 9–20. <https://doi.org/10.1007/s10615-007-0111-7>
- Smith, G. A. (1986). Observer drift: A drifting definition. *The Behavior Analyst*, 9(1), 127–128. <https://doi.org/10.1007/BF03391937>
- Smith, C. J., Rozga, A., Matthews, N., Oberleitner, R., Nazneen, N. og Abowd, G. (2017). Investigating the accuracy of a novel telehealth diagnostic approach for autism spectrum disorder. *Psychological Assessment*, 29(3), 245–252. <https://doi.org/10.1037/pas0000317>
- Smith, M., Cameron, C. og Reimer, D. (2017). From attachment to recognition for children in care. *British Journal of Social Work*, 47(6), 1606–1623. <https://doi.org/10.1093/bjsw/bcx096>
- Sroufe, A. og McIntosh, J. (2011). Divorce and attachment relationships: The longitudinal journey. *Family Court Review*, 49(3), 464–473. <https://doi.org/10.1111/j.1744-1617.2011.01384.x>
- Taylor, E. L., Target, M. og Charman, T. (2008). Attachment in adults with high-functioning autism. *Attachment & Human Development*, 10(2), 143–163. <https://doi.org/10.1080/14616730802113687>
- Tengslamat – Ráðgjöf & rannsóknir. (e.d.). *Þjónusta*. <https://www.tengslamat.is/>
- Tengslamat – Ráðgjöf & rannsóknir. (2023, 7. desember). *Námskeið í DMM tengslafræðum á Íslandi*. <https://www.tengslamat.is/post/tengslafr%C3%A6%C3%B0in%C3%A1mskei%C3%B0-%C3%A1-%C3%ADslandi>
- Thompson, R. A. (2000). The legacy of early attachments. *Child Development*, 71(1), 145–152. <https://doi.org/10.1111/1467-8624.00128>

- Thompson, R. A. og Raikes, H. A. (2003). *Toward the next quarter-century: Conceptual and methodological challenges for attachment theory*. *Development and Psychopathology*, 15(3), 691–718. <https://doi.org/10.1017/S0954579403000348>
- van IJzendoorn, M. H., Bakermans, J. J. W., Steele, M. og Granqvist, P. (2018). Diagnostic use of Crittenden's attachment measures in family court is not beyond a reasonable doubt. *Infant Mental Health Journal*, 39(6), 642–646. <https://doi.org/10.1002/imhj.21747>
- van IJzendoorn, M. H. og Bakermans-Kranenburg, M. J. (2012). Differential susceptibility experiments: Going beyond correlational evidence: Comment on beyond mental health, differential susceptibility articles. *Developmental Psychology*, 48(3), 769–774. <https://doi.org/10.1037/a0027536>
- van IJzendoorn, M. H., Schuengel, C. og Bakermans-Kranenburg, M. J. (1999). Disorganized attachment in early childhood: Meta-analysis of precursors, concomitants, and sequelae. *Development and Psychopathology*, 11(2), 225–250. <https://doi.org/10.1017/S0954579499002035>
- White, M. P., Elliott, L. R., Grellier, J., Economou, T., Bell, S., Bratman, G. N., Cirach, M., Gascon, M., Lima, M. L., Löhmus, M., Nieuwenhuijsen, M., Ojala, A., Roiko, A., Schultz, P. W., van den Bosch, M. og Fleming, L. E. (2021). Associations between green/blue spaces and mental health across 18 countries. *Scientific Reports*, 11, 8903. <https://doi.org/10.1038/s41598-021-87675-0>
- Woolgar, M. og Scott, S. (2014). The negative consequences of over-diagnosing attachment disorders in adopted children: The importance of comprehensive formulations. *Clinical Child Psychology and Psychiatry*, 19(3), 355–366. <https://doi.org/10.1177/1359104513478545>